

Ed.

756. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Nefndin, sem háttvirt efri deild kaus til þess að athuga frumvarp þetta, hefir ihugað það og rætt á 20 fundum. Einnig hefir hún kynt sjer öll þau erindi og skjöl, er til þingsins hafa komið og snerta fjárlögin. Lætur því nefndin uppi þetta álit sitt:

Í frumvarpi stjórnarinnar voru tekjurnar áætlaðar 4.203,700 kr. Hin- um ýmsu liðum í tekjubálknum hefir háttvirt neðri deild breytt að nokkru, en þær breytingar raska ekki tekjuáætluninni meir en svo, að hún hefir að eins hækkað um einar 4500 kr. Nefndin gerir engar breytingartillögur við þessa áætlun háttv. neðri deildar, en þó blandast henni ekki hugur um, að sumir tekjustofnarnir eru að mun óvissari og óábyggilegri en áður hefir verið, sökum ófriðarins mikla.

Nefndin var sammála um það, að reyna að stefna sem mest að því að minka tekjuhalla frumvarpsins. Eins og frumvarpið nú liggur fyrir háttv. efri deild, þá er tekjuhalla áætlaður kr. 290,106,92. Þess ber þó að gæta að talsvert stórar útgjaldaupphæðir eru þeim skilyrðum bundar, að tekjur lands- sjóðs hrökkvi fyrir þeim. Ef þessar upphæðir eru dregnar frá, verður hinn eiginlegi tekjuhalla kr. 48,706,92. Þetta virðist í fljótu bragði enginn gifurlegur tekjuhalla hjá því sem oft hefir verið í fjárlögunum. En þegar litið er á það, að tekjuhalla er þó enn þetta hár, þrátt fyrir að gert er ráð fyrir að fresta miklum og bráðnauðsynlegum framkvæmdum í landinu, þá er það sýnilegt að mjög óvarlegt er að gera ekki annað tveggja, að fresta enn fleiri fram- kvæmdum eða útvega landssjóði nýjar tekjur. Það leiðir af sjálfu sjer, að af þessu tvennu átti nefndin ekki kost á öðru en að taka þá leiðina að takmarka útgjöldin enn meira.

Nefndin leyfir sjer að koma fram með allmargar breytingar- og við- aukatillögur, sem prentaðar eru á þingskjali 687. Ef þær tillögur yrðu allar samþyktaðar, mundi frumvarpið lita þannig út: Allur tekjuhalla yrði þá um 210,800 kr., en ef þar eru dregnar frá hinar skilyrðisbundnu fjárveitingar, sem yrðu 203,400 kr., þá yrði hinn eiginlegi tekjuhalla um 7,400 kr.

Við breytingar- og viðaukatillögurnar, leyfir nefndin sjer að gera þess- ar athugasemdir.

4. gr.

Nefndinni finst ekki rjett að svo komnu, að ganga inn á neinar end- urborgarir af símalánum, þar eð búast má við að slíkt dragi þann dilk eftir sjer, að fleiri þættust eiga jafnmikinn rjett til endurgreiðslu á þeim.

5. gr.

Nefndinni þótti jarðabætur þær, sem krafist er af presti þessum, of litlar, bornar saman við fjárhæðina, af því að sagt er að jörð sje þar auð-

unnin. Leggur nefndin því til að skilyrðinu sje breytt þannig, að krafist sje 8 dagsláttá.

11. gr.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að með fjárveiting þeirri, sem farið er fram á í fyrri breytingartillögu nefndarinnar við þessa grein, megi nokkuð sporna við vnaðflutningi og varna tollsvikum. Meira að segja miklar líkur til, að á þessu græddist fje fyrir landssjóð í auknum tollgjöldum.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu skýrði nefndinni frá því, að peningaskápur sá, er embættinu fylgir, væri alt of litill, og óskaði því eftir að fá skáp af líkri stærð og ætla má að hinir skáparnir verði (250 kr.). En jafnframt kvaðst hann geta selt gamla skápinn fyrir fult verð (120 kr.), og virðist því nefndinni sjálfsgagt að veittur verði mismunurinn, 130 kr. Eins og athugasemdin við þessa breytingartillögu ber með sjer, lítur nefndin svo á, að langtryggilegast væri, að skáparnir væru uppmúraðir þar sem því verður við komið. — Ef tillögur nefndarinnar verða samþ. þá hækkar greinin um 10130 kr. yfir fjárhagstímabilið.

12. gr.

Árneshreppur er þannig settur, að afarmikil nauðsyn er á því, að þangað komi sem allra fyrst lækni. Þó nú styrkurinn til að sækja lækni bæti nokkuð úr þeim mikla kostnaði sem sveitarmenn verða fyrir, þegar þeir þurfa að vitja lækni, þá bætir hann ekki úr því böli, að stundum er algerlega ómögulegt að ná í lækni. Þá hjálpa ekki peningar. Nú er þetta læknishjerað svo fáment, að lækna eru tregir til að fara þangað, vegna þess að þeir búast við litlum aukatekjum. Á þessu verður eigi ráðin bót á annan hátt, en með því að gera hjeraðið ofurlítið eftirsóknarverðara fyrir væntanlegan lækni. Af þessum ástæðum vill nefndin mæla með, að styrknum verði varið til launauppbóta í læknishjeraðinu.

Læknir holdsveikraspítalans hefir sent Alþingi erindi þess efnis, að veitt verði fje til að koma upp miðstöðvarhitun í spítalanum.

Segir hann, að reykur úr ofnum spítalans hafi verið mjög hvumleiður öll þau ár, er spítalinn hefir staðið. Kveður svo mikið að þessu, að þegar ofnar eru kyntir, ríkur alla jafna úr fleiri eða færri ofnum, hjer og hvar í húsinu, eftir vindstöðu, og þó hefir verið reynt alt til að ráða bót á þessu, en árangurslaust. Sjúklingarnir hafa einnig sent umkvörtun sína og segja þeir svo mikil brögð að þessu, að þeir oft kjósi heldur, að sitja við kulda, en búa við reykinn. Þar sem hjer er um það fólk að ræða, sem skyldað er til að búa á spítalanum, þá virðist nefndinni það skylda löggjafarvaldsins, að láta því líða sem best, og þá að minsta kosti verja það þessari plágu. Ennfremur má geta þess, að líkindi eru til, að þetta fyrirkomulag mundi lækka reksturskostnað spítalans, þar sem miðstöðvarhitun í stórhýsum eyðir venjulega minni kolum en ofnar og þarf minni hirðingu. Nefndin mælir því sterklega með, að breytingartillaga sú, er hjer um ræðir náí fram að ganga.

Rögnvaldur Ólafsson byggingarmeistari hefir látið uppi álit sitt um fyrirhugaða byggingu, fjóss, hlöðu og haughúss á Vífilsstöðum. Telur hann að 15 kúa fjós, sem gert hefir verið ráð fyrir, muni kosta að minsta kosti helm-

ingi meira, en háttv. neðri deild hefir áætlað. Hann bendir jafnframt á, að ef til vill væri heppilegt, að byggja yfir 30 kúr, en nefndin álitur ekki rjett, að ráðast í það, að svo stöddu, en býst við, að hið fyrirhugaða fjós verði bygt þannig, að auðvelt verði að byggja við það, ef þess reynist þörf. Hinsvegar blandast nefndinni ekki hugur um, að 5000 kr. muni alls eigi nægja til að byggja fyrir 15 kúa fjós, og leggur því til, að liður þessi verði hækkaður.

Nefndin telur ekki rjett, að löggjafarvaldið taki upp þá venju, að kosta framfærslu fábjana að nokkru eða öllu leyti. Þar sem nú munu vera um 100 fábjanar á landinu, gæti þetta síðar meir orðið talsverður kostnaðarauki, því margir mundu verða fegnir, að koma fábjanum sínum á landssjóðinn. — Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að 15. liður i. verði feldur burt.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar, hækkar greinin um 24,200 kr. yfir fjárhagstímabilið.

13. gr. A.

Póstafgreiðslumaðurinn á Siglufirði, brjefhirðingarmennirnir á Silfrastöðum, Skinnastað, Arngerðareyri, Hesteyri, Látrum og Melgraseyri hafa sent póstmestara erindi, þar sem þeir fara fram á ofurlitlar launahækkanir og hefir hann gefið umsóknum þessum meðmæli sín. Þar sem nefndinni virðast laun þessara póstpjóna sjerstaklega lág, vill hún mæla með að þeir fái launabætur samkvæmt tillögum póstmestara.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar, hækkar liðurinn um 640 kr. yfir fjárhagstímabilið.

13. gr. B.

Nefndinni duldist það ekki, að svo framarlega sem minka ætti tekjuhalla fjárlaganna, yrði að ganga lengra en neðri deild hafði gert í því að fresta vegagerðum í landinu. Þar sem neðri deild hafði heimilað stjórninni, ef á þyrfti að halda, að fresta bygginga nýrra vita og simalína að öllu leyti, þá fanst nefndinni liggja næst að gera vegunum að einhverju leyti sömu skil. Þess vegna sá nefndin sjer eigi annað fært, en sumpart að minka fjárveitingar til þjóðvega og flutningabrauta og sumpart að heimila stjórninni að fresta framkvæmdum á þeim, ef á þyrfti að halda.

Það er stærsta fjárveitingin meðal flutningabrautanna, sem nefndin vill heimila stjórninni að fresta, ef þörf gerist, og er sú ráðstöfun ráðlögð einungis af varfærni.

Þá vill nefndin lækka tillögin til Grimsnesbrautarinnar. Finst nefndinni að í þetta sinn megi vel sætta sig við, að til þessarar brautar verði varið nokkru minna fje, en á yfirstandandi fjárhagstímabili. Voru á því veittar til brautarinnar 20,000 kr., en nú leggur nefndin til að fjárveitingin verði 16,000 kr.

Fjárlaganefnd neðri deildar lagði til, að fella alveg burt fjárveitingu til Stykkishólmsvegarins síðara árið, en deildin lækkaði fjárveitinguna að eins um 2000 kr. frá því, er hún var í frumvarpi stjórnarinnar. Nú vill nefndin fara hjer meðalveg og leggur til að fjárveitingin til vegarins verði 4000 kr. s. á.

Þótt nefndin verði að játa, að töluverð þörf sje á vegagerð upp Norð-urárdal, eins og víðar, þá vill meiri hluti hennar, af sparnaðarástæðum, ráða

fastlega til þess að fella niður fjárveitingu til þessa vegar, enda rekur engin knýjandi nauðsyn til annars.

Meiri hluti nefndarinnar finnur enga ástæðu til að ráðast í að byggja nokkra stórbrú á næsta fjárhagstimabili og þá sist þær brýr sem eftir samgönguþörfinni og tillögum landsverkfræðings eiga að sitja á hakanum fyrir öðrum enn nauðsynlegri.

Sýsluvegafjeð leggur nefndin til að sje nokkuð lækkað. Finst henni að sama verði yfir þá vegi að ganga eins og flutningabrautir og þjóðvegi, að þeir verði að biða betri fjárhags.

Ólafsfjarðarós mun vera á hreppavegi og finst nefndinni varhugavert að landssjóður leggi fje til slíkra vega, að svo stöddu.

Verði tillögur nefndarinnar samþykktar, lækkar þessi liður um 117,000 kr. yfir fjárhagstimabilið.

13. gr. C.

Þessum lið hefir nefndin ekkert breytt að öðru en því, að hún leggur til að haldið sje fast við tillögu samgöngumálanefndar um styrkveitinguna til vjelbátsferða á Hvitá í Borgarfirði.

Vegna málaleitana, er komu til fjárlaganefndarinnar frá strandferðanefndinni eftir að breytingartillögur nefndarinnar voru komnar í prentsmiðjunu, um hækkun styrks til flóabátanna á Faxaflóa og Breiðafirði, þá vill nefndin geta þess, að hún mun taka þær málaleitanir til yfirvegunar fyrir 3. umræðu.

13. gr. D.

Stöðvarstjórinn í Vestmannaeyjum hefir sent þinginu erindi, þar sem hann fer fram á að laun sín verði hækkuð upp í 2600 kr. á ári. Síðan landið keypti Vestmannaeyjasímann hefir hann haft 1400 kr. fyrir símaþjónustu, húsaleigu, ljós, hita og ræstingu og 200 kr. fyrir boðsendingar. Árið 1914 voru símaafgreiðslur 15300 að tölu, en innanbæjarsímar eru 55. Tekjur símans voru það ár rúmar 12600 kr. Nefndinni finst það augljóst eftir þessum upplýsingum, að einn maður, hvort sem það er karl eða kona, getur ekki annast afgreiðsluna á stöð þessari svo í lagi sje, en við það munu launin hafa verið miðuð. Stöðvarstjórinn hefir því að sögu orðið að halda tvær símameyjar að jafnaði auk starfs hans sjálfs við eftirlit og reikningsfærslu.

Að öllu þessu athuguðu vill nefndin leggja til að hann fái launauppbót, sundurliðaða samkvæmt breytingartillögunni.

13. gr. E.

Við þennan tíð gerir nefndin litlar breytingar. Að eins hefir hún ekki getað fallist á að hækka laun umsjónarmanns vitanna nje skrifstofukostnað hans, og leggur því til að liðir þessir standi með sömu upphæðinni og á núgildandi fjárlögum.

Nefndin býst við að V. liður muni ekki reynast nógu hátt áætlaður, eins og hann kemur frá háttv. neðri deild, ekki sist ef fjárhagurinn leyfir einhverjar nýjar vitabyggingar. Enda mun það frekast vera af vangá hjá fjárlaganefnd neðri deildar, að liður þessi var eigi aftur hækkaður, er allar hinar

fyrirhuguðu vitabyggingar voru á ný settar inn í frumvarpið. Leggur nefndin því til að liður þessi verði aftur eins og hann var í frumvarpi stjórnarinnar.

14. gr. B.

Háttvirt neðri deild hækkaði fjárveitinguna til launa háskólakennaranna um 600 kr. hvort árið. Þar af voru 200 kr. ætlaðar prófessor B. M. Ólsen, en 400 kr. docent Sigurði Sívertsen. Nefndin sjer ekki ástæðu til að hækka laun þessa docents fremur en annara docenta við háskólann, og leggur því til að liðurinn lækki um 400 kr. á ári.

Dr. Alexander Jóhannesson sækir um 2000 kr. styrk á ári til að halda fyrirlestra við háskólann í ýmsum þýskum fræðum og hefir heimspekisdeild háskólans mælt með umsókn hans. Nú stendur svo á, að Þjóðverji sá, er hingað var sendur í fyrra sumar til þess að kenna þýsk fræði við háskólann, varð að hverfa heim, en engin von um, að annar Þjóðverji komi í hans stað, fyrst um sinn. Nefndinni finst æskilegt að hægt verði að halda uppi kenslu í þessum fræðum og telur dr. Alexander vel til þess hæfan, enda hefir hann stundað nám í þessum greinum við háskólana í Kaupmannahöfn, Leipzig og Halle. Nefndin vill þó eigi leggja til að honum verði veitt meira en 1000 kr. hvort árið.

Meiri hluti nefndarinnar telur rjett að byrja nú þegar á næsta fjárhags-tímabili á því, að minka námsstyrkinn við mentaskólann.

Álitur nefndin, að alt of margir flykkist á skóla þenna, og því sje sist þörf á að hæna menu að skólanum með styrkveitingum. Annars lítur meiri hluti nefndarinnar líkt á þetta mál og fjárlaganefnd neðri deildar (sbr. nefndarálit, þingskj. 337 bls. 10) og tekur undir það með henni, að mjög æskilegt væri, að stjórnin athugaði þetta mál rækilega fyrir næsta þing.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til að námsstyrkurinn við gagnfræðaskólann á Akureyri, sje feldur burt.

Nefndin var þeirrar skoðunar, að miklu meiri þörf væri á, að styrkja verklegt nám bændaefna, heldur en bóklegt og leggur því til, að hækkaðar verði fjárveitingarnar til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri. Aftur á móti leggur nefndin til, að styrkirnir til nemenda við vetrarnám, falli burt.

Vegna fyrirkomulags skólanna, sem vetrarskóla, vill nefndin leggja áherslu á, að nemendur sjeu hvattir til að leggja sem mesta stund á verklegt nám að sumrinu, og það telur nefndin sje gert með því, að hafa styrkinn til verklegs náms all-riflegan, svo að sem flestir þeirra nemenda, er skólana sækja, geti notið hans.

Nefndinni er kunnugt um, að ágreiningur nokkur er milli kvenna á Norðurlandi um hvar væntanlegur húsmæðraskóli fyrir Norðurland eigi að standa. Vill hún því ekki veita fje til slíks skólahalds fyr en samkomulag fæst um, hvar skólinn verði settur. Allar bráðabirgða-ráðstafanir í þessu efni geta orðið til þess, að skólinn festist einmitt á þeim stað, er síðar kynni að valda óánægju.

Húsmæðrakenslan á Eyrarbakka virðist nefndinni einungis vera venjulegt matreiðslu námsskeið, en þau hafa hingað til verið eingöngu kostuð af

búnaðarfelaginu og sveitafjelögum. Nefndinni finst því engin ástæða til að styrkja sjerstaklega námsskeið á þessum stað.

Húsmæðraskólinn á Ísafirði hefir undanfarin ár starfað með mikilli aðsókn og átt vinsældum að fagna. Finst því nefndinni sjálfsagt, að styrkja þann skóla riflega, ekki síst, þar sem hann einnig nýtur mikils styrks annarsstaðar frá.

Landlæknir sendi fjárlaganefndinni erindi þess efnis, að kenslubók i yfirsetukvennafræði sje næstum uppseld, svo að það sem eftir er muni rjett nægja handa þeim, sem á skólann koma i haust, enda var upplagið að eins 500 eintök. Þessi kenslubók var gefin út með styrk úr landssjóði. Bókin er nú orðin úrelt og þegar af þeirri ástæðu er þörf á nýrri bók. Hefir landlæknir undanfarin ár á ýmsan hátt búið sig undir samningu hennar og segir hann að bókina þurfi nú nokkuð stærri og sjerstaklega með fleiri myndum en eru i þeirri, sem nú er notuð. Álitur hann því að ekki sje hægt að komast af með minni styrk til útgáfu bókarinnar en alt að 1000 kr., og finst nefndinni óhjákvæmilegt að þessi upphæð verði veitt.

Nefndinni fanst rjett, að úr því að hækkuð voru tillög landssjóðs til kvennaskólanna, þá væri einnig rjettmætt að á móti væri krafist hærra tillags annarstaðar frá. Enn fremur felst nefndin á þá skoðun stjórnarinnar, sem kemur fram i athugasemdum við frumvarpið, að skólar þessir eigi að standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Það má ekki eiga sjer stað, eins og verið hefir með Blönduósskólann, að reikningar skólans sjeu eigi sendir stjórninni i tæka tíð.

Ungfrú Hólmfriður Árnadóttir hefir sótt um 1000 kr. styrk á ári, til þess að halda kvöldskóla i Reykjavik fyrir stúlkur. Hún hefir 5 undanfarna vetur haldið uppi slikum skóla og aðsókn að honum farið vaxandi. Hefir hún ágæt meðmæli frá ýmsum þektum bæjarmönnum. Nefndin álitur mjög þarft verk að gefa fátækum stúlkum i Reykjavik, sem ekki geta sótt fasta skóla, tækifæri til þess að verja kvöldstundum sínum til þess að afla sjer mentunar, án alt of mikils tilkostnaðar, og leggur því til að Hólmfriði Árnadóttur verði veittar 800 kr. á ári.

Forstöðukona heyrnar- og málleysingjaskólans hefir sent Alþingi brjef, þar sem hún fer fram á, að sjer verði veittar 200 kr. á ári til ljóss og hita. Nefndinni virðist sanngjarnt að verða við þessari ósk hennar, því það mun venja allstaðar við slikar stofnanir, að forstöðukonurnar eða forstöðumennirnir fái það, sem hjer um ræðir, ókeypis. Enda verður nefndin að álita að það sje nauðsynlegt, að forstöðukonan búi i skólahúsinu til þess að geta haft sem best eftirlit með börnunum, en forstöðukonan segir að það verði sjer bæði dýrara og erfiðara heldur en að búa annarstaðar.

Samt sem áður virðist engin ástæða til að hækka fjárveitinguna, því nefndin telur sjálfsagt, að nemendurnir sjeu látnir greiða kenslugjald, ef þeir hafa efni á því, en það mun eigi hafa verið gert. Er það næsta undarlegt, þar sem tilskipun 26. febrúar 1872 fyrirskipar það og auk þess vakti Alþingi 1911 einmitt athygli stjórnarinnar á þessu.

15. gr.

Meiri hluta nefndarinnar virðist eigi rjett að lækka fjárveitinguna til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta sögu Íslands, frá því, er áætlað var í frumvarpi stjórnarinnar, þar eð hjer er um svo merkilegt verkefni að ræða og svo mikið að það mun ekki nokkurra ára verk, heldur mannsaldraverk. Enda sýnir það sig, að mikið hefir þegar verið unnið fyrir fje það, er veitt hefir verið í þessu skyni. Þar sem t. d. öll hyllingarskjöl Íslendinga frá 1649 og auk þess fjöldi skjala í X. og XI. bindi fornbrjefasafnsins, eru byggð á þessum afritum. Auk þess hafa stórmerkileg skjöl verið ljósmynduð, en einmitt ljósmyndirnar eru afardýrar.

Nefndinni finst ekki rjett að láta lengur dragast að veita fje til aðgerðar á Þingvöllum og vísar til ummælanna um þessa fjárveitingu í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumvörpin fyrir árin 1913 og 1914, og 1915 og 1916. Ræður nefndin því eindregið til að taka upp aftur fjárveitingu þá, er stóð í frumvarpi stjórnarinnar, enda eru líkindi til að aðgerðin verði því dýrari, sem lengur dregst að verkið sje framkvæmt.

Þá vill nefndin taka aftur upp fjárveitinguna til þess að gefa út landsyfjerrjettardóma árin 1800—1873. Þar sem dómar þessir munu vera mikilsvarðandi fyrir menningarsögu landsins, mannfræði þess og notkun gildandi rjettar, þá telur nefndin rjett, að byrjað sje á útgáfu þeirra þegar á næsta fjárhags-tímabili.

Af sparnaðarástæðum sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til að styrkurinn til skálda og listamanna verði hærri en 9000 kr. á ári auk 1000 kr. endurveitingar fyrra árið handa Ríkarði Jónssyni.

Hjörtur Þorsteinsson sækir um styrk til þess að ljúka námi við fjölistaskólann í Kaupmannahöfn, en því mundi lokið í janúar 1917. Þar sem maður þessi er sagður mjög efnilegur, en svo fátækur, að hann verður að hætta við nám þegar Garðstyrk er lokið, sem verður í lok þessa mánaðar, þá vill nefndin gera honum jafn hátt undir höfði eins og Steingrím Jónssyni, með því að veita honum 1000 kr. fyrra árið.

Nefndin getur enga ástæðu fundið, til að taka einn listamann af öllum þeim hóp, er sótt hefir um styrk, og veita honum sjerstaklega nafnbundið fje, leggur nefndin því til, að 23. liður falli burt.

Af sparnaðar-ástæðum leggur nefndin til, að fjárveitingin til að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans« verði látin falla burt.

Nefndinni finst litil ástæða til, að veita fje til þess, að gefin sje út á dönsku ritgerð G. Björnson landlæknis í fánanefndarálitinu, og leggur því til, að sá liður falli burt. Væri frekari ástæða til, að styrkja útgáfu þeirrar ritgerðar á fjöllesnara máli.

Finnur Jónsson á Kjörseyri í Hrótafirði hefir um 20 ára bil safnað ýmsum sögufróðleik, einkum frá 19. öld. Hann hefir lagt mikla fyrirhöfn og vinnu í þetta verk, en þó er tiltölulega litill hluti af safni hans kominn í þann búning, að aðgengilegt sje til aflestrar. Nú er maður þessi orðinn 73 ára gamall og á orðið mjög erfitt um skriftir, en hann er eigi svo efnu búinn, að hann geti fengið mann til þess, að hreinskrifa sögusafn sitt. Fer hann því fram á, að fá 200 kr. styrk á ári, til þess að geta fengið sjer hjálp við skrift-

irnar. Þar sem hjer er áreiðanlega um mikinn og merkilegan fróðleik að ræða, sem annars færi ef til vill forgörðum, þá leggur nefndin til, að honum sje veittur umbeðinn styrkur.

Það má undarlegt heita, að engin islensk setningafræði skuli vera til, en hennar virðist þó jafn-mikil þörf eins og annara málfræðiskenslubóka. — Nú hefir magister Jakob Jóhannesson, sótt um styrk til þess, að rita islenska setningafræði, sem gæti orðið nothæf fyrir æðri skóla hjer á landi. Meiri hluta nefndarinnar virðist svo mikil þörf á slikri bók, að sjálfsagt sje að veita hinn umbeðna styrk, enda veita þeir prófessor B. M. Ólsen og yfirkennari Pálmi Pálsson þessu meðmæli sin.

Nefndin vill að fjárveitingin til hraðritunarkenslu sje bundin við nafn Helga Tómassonar, þar sem hann hefir þegar tilbúið handrit til kenslubókar í islenskri hraðritun, og er auk þess æfður hraðritari samkvæmt meðmælum landlæknis, er fylgdu erindi hans til nefndarinnar.

16. gr.

Með því að neðri deild hefir numið í burt styrk til búnaðarfjelaga fyrra árið, en sá styrkur hefir verið tiltölulega lítill síðari árin, miðað við dags-verkafjölda unninna jarðabóta, svo að hann hefir lítið ljett undir við jarðabóta-framkvæmdir, þá sjer nefndin ekki ástæðu til, að halda honum síðara árið. Leggur hún því til, af sparnaðar-ástæðum, að styrkurinn falli alveg burt, að þessu sinni.

Ástæðulítið finst nefndinni, að gera gerlarannsóknarstofuna nú sem stendur, að fastri landsstofnun með fastlaunuðu embætti. Mun það eigi hafa verið meining síðasta fjárlagaþings, þótt Gísla Guðmundssyni gerlafræðing væri þá veittur utanfararstyrkur, að það væri undirbúningur undir, að hann yrði fastur starfsmaður landsins, heldur hitt, að hann á eftir ræki rannsóknarstofuna á eigin kostnað.

Fyrir Alþingi liggur áskorun frá þingmálafræðingum á Ísafirði og Fiskipinginu um styrk til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum. Smáfiskiskipunum (frá 12—30 lesta) fjölga árlega á Ísafirði, og er því þegar farið að bóla á, að vanta muni skipstjóra á skip þessi, er fullnægi því er lögin krefjast af skipstjórum á slikum skipum. Á Ísafirði hefir farið fram kensla undanfarna vetur, til að ráða bót á þessu, en sú kensla hefir orðið nokkuð dýr fátækum mönnum, og mun því óvist, að sjómenn fáist framvegis til að sækja hana undir sömu kjörum og verið hefir. Nefndin telur áriðandi, að sem flestir sjómenn geti notið slikrar kenslu, og vill því eindregið mæla með, að styrkurinn til Fiskifjeldagsins sje hækkaður lítið eitt, og af þeirri hækkun sje aftur varið nokkru til þessarar kenslu. Álitur nefndin það tryggingu fyrir því, að kenslan komi að tilætluðum notum, ef Fiskifjeldagið hefir umsjón með henni.

Eggert Kristjánsson á Sauðárkróki sækir um 500 kr. styrk til þess að gera tilraunir til þess að koma á sýtun skinna á Norðurlandi. Nefndin telur æskilegt að hægt yrði að koma þessum iðnaði á, einnig á Norðurlandi, og leggur því til að þessum manni sjeu veittar 200 kr. fyrra árið í þessum tilgangi.

Af sparnaðar-ástandum sjer nefndin sjer eigi fært að hækka styrkinn til ungmennafjelaganna frá því sem verið hefir og leggur því til, að upphæðin verði sú sama og í frumvarpi stjórnarinnar.

Vestmanneyingar hafa engin vatnsból önnur en safnbrunna, sem regnvatn það, er af húsum rennur, er látið safnast í. Eru þetta að mörgu leyti stór vandræði; fyrst og fremst er vatnið af svo skornum skamti, eins og geta má nærri, að ef þurkar ganga um lengri tíma, getur þar orðið alment vatnsleysi, t. d. í sumar mun hafa verið að því komið að sækja þyrfti vatn til lands. Í öðru lagi er vatn þetta fremur ógeðslegt og getur orðið með þeim umbúnaði, sem nú er hafður, óhólt til neyslu. Á þessu ástandi virðist því brýn þörf að ráða bót, ekki sist þar sem Vestmannaeyjar eru eitt hið mesta framtíðarhjerað þessa lands og því má búast við að fólki fjölgi þar mjög ört og skipastóll Eyjanna vaxi, en þetta hvorttveggja gerir nauðsynina á nægu og góðu vatni enn brýnni. Þess má geta, að einstakir menn í Vestmannaeyjum og sýslunefndin hafa varið nokkru fje til þess að leita að vatni, en engar þær rannsóknir hafa verið að marki vegna þess, hve litlu fje hefir verið varið til þeirra. Nefndinni virðist sjálfsagt að veitt sje fje til þess að ítarleg rannsókn á þessu geti farið fram, svo gengið verði úr skugga um á hvern hátt Vestmanneyingum verði sjeð fyrir nægilegu og góðu vatni.

Fyrir Alþingi hafa legið þrjú erindi um að það veitti fje til kolanámu-rannsókna. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi, að það veiti fje til kolanámu-rannsókna á Vestfjörðum. Námu-fjelag Íslands sækir um 20 þús. kr. til að leita að kolum í landinu, sem endurgreiðist ef kol finnst svo mikil að námar verði reknir. Þá sækir enn fremur G. E. J. Guðmundsson um 30—40 þús. kr. lán til kolanámugraftar undir Skorarhliðum.

Nefndin telur það mjög mikilvægt fyrir landið, ef hjer fyndust kolanámu er gætu veitt landinu gott og ódyrt eldsneyti. Um það, hvort slíkt geti átt sjer stað eru skiftar skoðanir, en þær rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum, hafa þó leitt í ljós, að til eru á Vestfjörðum talsvert af brúnkolum, sumstaðar nokkuð leirkendum, en á öðrum stöðum allhreinum. Nefndin telur málið þess vert að það sje ítarlega rannsakað, og þá sjálfsagt að landið kosti rannsóknirnar. Leggur hún því til að veittar sjeu í þeim tilgangi 25000 kr. fyrra árið. Ætlast nefndin til að landsstjórnin ráði æfðan námuverkfræðing, er hún láti stjórna þessum rannsóknum. Ef rannsóknunum eigi yrði lokið fyrra árið, þá virðist nefndinni rjett að heimilt verði að nota það af fjenu, sem afgangs yrði til framhaldsrannsókna síðara árið, ef landsstjórninni þykir þá rjett að halda rannsóknunum áfram.

Nefndinni finst eigi rjett að landssjóður einn kosti framhald brim-brjótsins í Bolungarvík og leggur því til að krafist sje að minsta kosti þriðjungs framlags annarsstaðar frá.

Nefndin vill halda fast við þá stefnu, að landssjóður leggi ekki fram til bryggjagerða í landinu meira en $\frac{1}{3}$ kostnaðar og vill gera öllum bryggju-byggingum jafn hátt undir höfði. Af þessum ástandum gerir hún breytingar-tillögurnar við 34. og 37. lið.

18. gr.

Nefndinni finst engin ástæða til, að þeir landpóstar, sem nú bætast við á eftirlaun fá hærri eftirlaun en nokkur hinna, er fyrir voru. Leggur hún því til að eftirlaun þeirra Árna Gíslasonar og Bjarna Ketilssonar verði ekki nema 200 kr. Varhugavert finst nefndinni að setja Eggert Brandsson sjómann á föst eftirlaun, vegna þess að margir þeir menn, er fyrir slysum hafa orðið, mundu þykjast eiga jafnan rjett til slíks. En vegna þess að nefndinni virðist maður þessi hafa sýnt frábæran dugnað og þolgæði, þá leggur hún til að honum verði veittar 300 kr. í eitt skifti fyrir öll.

Nefndinni finst öll sanngirni mæla með því, að Birni lækni Blöndal verði reiknuð eftirlaun fyrir allan þann tíma, er hann var lækni, og ber fram tillögu í þá átt.

21. gr.

Þótt nefndinni finnst ástæðulítið að hafa nokkrar lánsheimildir í fjárlögnum, að þessu sinni, þá vill hún þó ekki amast við ýmsum smá-lánsheimildum, sem eru í greininni. Aftur á móti leggur meiri hluti hennar til að tvær stærstu lánveitingaheimildirnar falli burtu.

22. gr.

Klæðaverksmiðjan »Gefjun« hefir áunnið sjer besta orð fyrir vinnu sína frá því er hún tók verulega til starfa; dúkar hennar fá alment lof og útsalan gengur mjög greiðlega upp á síðkastið. Engu að síður er fjárhagurinn þröngur vegna vantandi rekstursfjár og hárra vaxta og afborgana. Hluthafar hafa hvað eftir annað bætt við hlutfjeð og tekið á sig ábyrgðir til þess að verksmiðjan gæti staðið í skilum. Nú svertur sjerstaklega að verksmiðjunni af völdum dýrtíðarinnar, einkum er henni bagalegt hið afarháa ullar- og kola-verð, og þó eigi sist útflutningsbannið á litarefnum frá Þýskalandi. Nú hefir stjórn verksmiðju fjelagsins, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Akureyrar, sem ábyrgjast í sameiningu annað landssjóðslánið (60,000 kr.) farið þess tvivegis á leit að afborgunartími lánanna verði lengdur upp í 40 ár, og færir þau rök að því, að ef svo yrði þá mundi verksmiðjufjlagið geta staðið í skilum og borgað lánin að fullu. Þar sem hjer er um mjög þarflegt fyrirtæki að ræða, og landssjóður á hinn bóginn á mikið í húfi, ef verksmiðjufjlagið getur ekki staðið í skilum, þá hefir nefndin viljað verða að fullu við ofangreindum tilmælum.

Eftir ósk þingmanna Dala- og Snæfellsnessýslu, vill nefndin breyta síðustu málsgr. 22. gr., þannig að sýslufjelögin taki á sig ábyrgð gagnvart landssjóði í stað þess að krefjast að innborgað sje 40% af hlutfjenu. Þar sem þeir um leið upplýstu að skilyrðið, eins og það kom frá háttv. neðri deild, mundi ef til vill telja fyrir málinu, en á hinn bóginn ábyrgð sýslufjelaganna eins tryggileg fyrir landssjóð, þá fellst nefndin á þessa breytingu.

Alþingi 3. sept. 1915.

Karl Einarsson. Magnús Pjetursson.
formaður. skrifari og framsögum.

Björn Þorláksson, Jósef Björnsson, Sigurður Stefánsson.